

Stjörnugrís hf  
Salvík 1  
116 Kjalarnes

Reykjavík, 9. september 2020  
UST202003-039/H.E.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 11.6.2020, hjá Stjörnugrís hf Brautarholti**

Þann 11.6.2020 fór fram eftirlit í svínabú Stjörnugríss hf. að Brautarholti á Kjalarnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staðfestar voru úrbætur vegna frávika sem skráð voru í eftirliti 2019.

**Einni ábendingu var komið á framfæri varðandi kvartanir sem hafa borist stofnuninni vegna starfseminnar. Tvö ný frávik komu fram er varða:**

1. Frávik frá gr. 5.1 í 2. kafla í starfsleyfisskilyrðum. Ábending barst Umhverfisstofnun í byrjun mars sl. um opna hauggeymslu þurrhluta. Rekstraraðili upplýsti um að hurð geymslunnar væru biluð og ný hurð væri í þöntun. Í eftirlitinu var staðfest að hurð var komin fyrir geymsluna og var hún lokað í samræmi við ákvæði starfsleyfisskilyrðanna. Frávikan telst því lokið.
2. Frávik frá reglugerð nr. 851/2002. Grænu bókhaldi fyrir rekstrarárið 2019 hefur ekki verið skilað en því skal skilað fyrir 1. maí fyrir rekstrarárið á undan. Grænu bókhaldi var skilað 27. ágúst sl. og telst frávikanu því lokið.

Virðingarfyllst

  
Halla Einarsdóttir

  
Helga Rut Arnarsdóttir

**Afrít:** Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjörnugrís Brautarholt, Kjarnes



|                     |                  |                         |                            |
|---------------------|------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits      | 11.6.2020        | Ábyrgðarmaður eftirlits | Halla Einarsdóttir         |
| Fyrirtæki           | Stjörnugrís      | Eftirlitsmaður          | Helga Rut Arnarsdóttir     |
| Heimili             | Saltvík 1        | Tegund eftirlits        | Reglubundið fyrra eftirlit |
| Kennitala           | 681174-0289      | Flokkur                 | Þauleldi                   |
| Fulltrúi fyrirtækis | Geir G. Geirsson | ÍSAT nr.                | 01.46.0                    |
| Fulltrúi fyrirtækis |                  | Staðsetning             |                            |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyri reglubundnu vettvangsferð eftirlits í Stjörnugrís að Brautarholti. Staðfestar voru úrbætur vegna eldri útistandandi frávika en tvö ný frávik komu fram. Brugðist hefur verið við öðru þeirra og telst því fráviki því lokið.

## UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og úrbætur útistandandi frávika.
2. Eigið eftirlit og skráning skv. 9. gr. 1. kafla í starfsleyfisskilyrðum
3. Aðlögun að kröfum BAT niðurstaðna.
4. Fjöldi dýra sbr. gr 1.1. í starfsleyfisskilyrðum
5. Þrif á húsum sbr. 2. gr. 1.kafla starfsleyfisskilyrða
6. Nærингastjórnun við fóðurgjöf sbr. gr. 4.5 í starfsleyfisskilyrðum
7. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsterða.
8. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
9. Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahræja.
10. Skoðunarferð

1. Síðasta eftirlit fór fram í október 2019 en þá var skráð eitt frávik um að skráningum væri ábótavant. Nánar var farið yfir kröfur um skráningar skv. starfsleyfisskilyrðum. Skráningar sem gert var athugasemdir við var mánaðarleg staða mykutanka, Rekstraraðili vísaði í útreikninga á losun út frá fræðilegu hlutfalli blaut- og þurrhluta sem væri tekið saman í útstreymisbókhaldi og grænu bókhaldi. Grænu bókhaldi fyrir árið 2019 hefur ekki verið skilað til stofnunarinnar.

2. Farið var yfir skráningu og eigið eftirlit sem fjallað er um í 9. gr i 1. kafla starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili vísaði í að tæming á flórum haldist í hendur við skráningar á þrifum deilda u.p.b. vikulega og losun blauthluta frá dælustöð standi yfir í um sólarhring í senn. Mykutankur 2000 m3 hefur ekki verið notaður og stendur tómur. Mykjan er tæmd úr flórum yfir í um 80 þúsund lítra þró sem er tæmd eftir hverja losun. Fylgst er með þrónni þegar tappað er af flórunum til að fyrirbyggja að þróin yfirfyllist. Skráningar um fjölda dýra og afföll voru sýnda eftirlitsaðila í eftirlitinu. Engin íbætiefni eru notuð í flóra. Kvartanir sem hafa borist frá síðata eftirliti hafa borist til Umhverfisstofnunar sem hefur svo komið þeim áfram til rekstraraðila..

3. Rætt var um kröfur sem settar eru fram í BAT niðurstöðum en fjögurra ára aðlögunartími frá útgáfu þeirra mun renna út í febrúar 2021. Rekstraraðili telur ekki þörf á viðamiklum framkvæmdum til að uppfylla skilyrði BAT niðurstaðna.

4. Þegar eftirlitið fór fram voru alls 4050 svín á búinu þar af 1165 grísir undir 30 kg og 2885 sláтурdýr (>30kg).

5. Rætt var um skilyrði um þrif á húsum skv. 2. grein 1. kafla starfsleyfisskilyrðanna. Deildir eru þrifnar samhliða tæmingu deilda. Þrír starfsmenn sinna eftirliti með viðhaldi og þrifum hjá Stjörnugríss.

6. Farið var yfir næringastjórnun. Þróunin hefur verið í þá átt að minna fóður þurfi fyrir hvern grip og vaxtarhraði dýranna fer vaxandi.

7. Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsóknum og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávika. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi Stjörnugríss að Brautarholti í áhættuflokk A og þar með er áætlað að fara tvísvar í vettvangsferðir á búið í ár. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og

áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasiðu Umhverfisstofnunar. Rætt var um tækifæri til að lækka stigafjölda áhættumatsins með bættri umhverfisstjórnun á búinu.

8. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Engungis einn lítil geymir tengdur ljósavél er tengdur rafstöð á búinu. Árlegt viðhald og úttekt er gerð á rafstöðinni.

9. Í samvinnu með Matvælastofnun hafa verklagsreglur um förgun sóttmengaðs úrgangs verið endurskoðaðar í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Drög að verklagsreglunum voru send rekstraraðila samhliða boðun eftirlitsins.

10. Eftirlitið hófst á skoðunarferð um búið. Staðfest var að hurð á þurrgeymslu var komin í lag og stóð lokuð þegar eftirlitið fór fram. Þá er búið að koma fyrir loki á hratgeymslur sem teknar voru gagnið á síðasta ári. Almennt var nokkuð snyrtilegt um að lílast og ekki tilefni til athugasemda.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

gr. 5.1 í 2. kafla í starfsleyfisskilyrðum

Ábending barst Umhverfisstofnun í byrjun mars sl. um opna hauggeymslu þurrluta. Rekstraraðili upplýsti um að hurð geymslunnar væru biluð og ný hurð væri í þöntun. Í eftirlitinu var staðfest að hurð var komin fyrir geymsluna og var hún lokuð í samræmi við ákvæði starfsleyfisskilyrðanna. Frávíkinu telst því lokið.

Reglugerð 851/2002 um grænt bókhald

Grænu bókhaldi fyrir rekstrarárið 2019 hefur ekki verið skilað en því skal skilað fyrir 1. maí fyrir rekstrarárið á undan.

## ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun hefur borist 10 ábendingar frá nágranna búsins vegna ólyktar í nærliggjandi húsum og gólfvelli. Þar af hafa 5 ábendingar borist nú í sumar (frá byrjun júní sl.) Í ábendingunum kemur fram að ólyktin sé viðvarandi frá búunum á svæðinu. Mikilvægt er að rekstraraðili leiti leiða til að greina tækifæri til að halda ólykt frá búunum í lágmarki.

Reykjavík, 09.09.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Halla Einarsdóttir  
Halla Einarsdóttir

bls. 4